



GJALDSKRÁ

fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds,
ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda
og óskilakatta í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur, sem búsettir eru innan þéttbýlis, sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald í Djúpavogshreppi, skulu greiða gjöld, sem kveðið er á um í samþykkt nr. 995/2008 um kattahald og samþykkt nr. 996/2008 um hundahald í Djúpavogshreppi, sem staðfestar hafa verið af umhverfisráðuneytinu.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 3. gr. að upphæð kr 10.200.- á hvern hund við skráningu (nýskráningu eða endurskáningu) og sömu fjárhæð árlega, verði gjaldskrá ekki breytt.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 4. gr. að upphæð kr. 10.200.- á hvern kött við skráningu (nýskráningu eða endurskáningu) og sömu fjárhæð árlega, verði gjaldskrá ekki breytt.

Ofangreindar fjárhæðir gilda hlutfallslega fyrir árið 2008 og allt árið 2009, en eftir það skal gjaldskrá fyrir hvert ár ákveðin samhliða afgreiðslu sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Innifalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem sveitarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, trygginga og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiða af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hundahald og samþykkt um kattahald í Djúpavogshreppi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og afhendingu dýranna eða aflifun. Fjárhæðir skv. þessari grein taka gildi við birtingu gjaldskrár og gilda út árið 2009, en eftir það skal gjaldskrá fyrir hvert ár ákveðin samhliða afgreiðslu sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 10.000,- fyrir fyrsta skiptið, sem hundur eða köttur er fangaður, í annað skiptið, sem fangað er, skal greiða kr. 15.000.-, í þriðja skiptið, sem fangað er, skal greiða kr. 20.000.- og að auki í öllum tilfellum kr. 2.000.- fyrir hvern byrjaðan sólarhring, sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta á almanaksári, sem hundur eða köttur er fangaður.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var staðfest af Heilbrigðieftirliti Austurlands 7. okt. 2008 og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps þann 27. nóv. 2008 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrá þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá vegna hundahalds hjá sveitarfélaginu nr. 161/2003.

Djúpavogi 28. nóv. 2008;
Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri

Sveitarstjóri
Djúpavogshrepps